



Borgaraþing

Samantekt um helstu niðurstöður borgaraþings um málefni barna á aldrinum 0-6 ára sem fram fór í Tjarnarsal ráðhúss Reykjavíkurborgar 8. júní 2024



Júní 2024



Reykjavík



Inngangur

Í gildandi samstarfssáttmála meirihluta borgarstjórnar segir að skipuleggja eigi borgina út frá hagsmunum barna og barnafjölskyldna. Samþykkt var í borgarstjórn í maí 2023 að setja á laggirnar stýrihóp og aðgerðahóp um heildstæða stefnumótun um umhverfi og aðstæður barna á aldrinum 0-6 ára. Gert var ráð fyrir að verkefnið yrði unnið í víðtæku samráði við fjölskyldur, börn, ríkið, sveitarfélög, fagfólk, hagsmunaaðila og atvinnulífið.

Stýrihópur ákvað að efna til borgarapings og tengja það samþykkt borgarstjórnar frá 18. apríl 2023: „Borgarstjórn samþykkir að halda borgaraping um leikskólamál og umönnun ungra barna. Rætt verði um hlutverk borgarinnar í þeim efnum sem og stöðu barna og barnafjölskyldna í Reykjavík.”

Borgaraping um málefni barna var þar með talinn kjörinn vettvangur til að hvetja til umræðna um þau mikilvægu viðfangsefni sem tengjast umhverfi og aðstæðum barna. Foreldrar og forsjáraðilar barna voru hvött til að mæta og skiptast á skoðunum ásamt öðrum hagsmunaaðilum sem vildu koma sínum skoðunum á framfæri.

Fyrirkomulag borgarapingsins

Borgarstjórn Reykjavíkur boðaði til borgarapingsins 8. júní 2024 undir yfirskriftinni *Borgaraping - fyrstu skrefin* og stóð þingið yfir á milli kl. 11:00 - 13:00 í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Markmið borgarapingsins var að skapa vettvang sem hvetji til opinnar umræðu og skoðanaskipta um þjónustu við börn á aldrinum 0-6 ára.

Auglýsingar og kynningar

- **Borgaraping var auglýst á samfélagsmiðlum í maí og júní 2024**
- **Auglýst var í lesum auglýsingum í Ríkisútvarpinu**
- **Ýmis hagsmunasamtök fengu tilkynningu um borgarapingið**
- **Foreldrar og forsjáraðilar leikskólabarna og barna á biðlista eftir leikskólaplássi fengu tilkynningu um þingið**





- **Haldinn var fundur með sendiherrum (fulltrúar íbúa af erlendum uppruna) þar sem borgarþingið var kynnt og sendiherrar hvattir til að deila viðburðinum með sínu baklandi.**

Börn voru velkomin og í Ráðhúsinu var sérstakt barnahorn. Þátttaka á þinginu var góð en hátt í 100 þátttakendur tóku þátt í umræðum á 11 borðum. Lögð var mikil áhersla á að ná til fjölmeningarsamfélagsins með kynningarefni á pólsku og ensku. Á fundinum var eitt borð með pólskum þátttakendum og tvo borð með enskum þátttakendum.

Dagskrá þingsins

- **Einar Þorsteinsson, borgarstjóri, opnaði borgarþingið og bauð þátttakendur velkomna.**
- **Magnea Gná Jóhannsdóttir, borgarfulltrúi kynnti stefnumótun í málefnum barna sem stendur yfir.**
- **Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, sérfræðingur í lýðræðismálum, fjallaði stuttlega um borgarþingið í samhengi við lýðræðisstefnu borgarinnar.**
- **Ráðgjafar frá ARCUR kynntu fyrirkomulag fyrir umræður á borðum og hópar fóru í umræður.**

Í lokin var gengið á milli borða og fengið yfirlit yfir helstu umræðufleti og sjónarmið sem fram komu í umræðum á borðum.

Viðfangsefni þingsins

Á borgarþinginu var unnið í umræðum á borðum, sérstaklega var hvatt til umræðna um eftirfarandi atriði sem tengjast þjónustu við börn og barnafjölskyldur:

- 1. Barnvænt borgarumhverfi**
- 2. Fjölbreyttar fjölskyldugerðir og þjónusta við þær**
- 3. Dagvistun - leikskólar og dagforeldrar**
- 4. Umönnunarbíl á milli fæðingarorlofs og dagvistunar**
- 5. Farsæld barna og aðgengi að velferðarþjónustu**

Spurningar sem bornar voru upp í umræðum á borðum voru eftirfarandi:



1. Hvað er jákvætt við þjónustuna og kerfið okkar í dag sem þarf að vernda og ýta enn frekar undir?
2. Hvernig er hægt að koma betur til móts við börn og barnafjölskyldur með nýjum leiðum eða breyttri nálgun í þjónustu?

Fundarstjórar á borgarþinginu voru ráðgjafarnir Arnar Pálsson, Halldór Þorkelsson og Helga Guðmundsdóttir.

Tillögur sem fram koma á þinginu

1. Barnvænt borgarumhverfi

1. Samgöngur og umhverfi: Vantar skýrari götumerkingar, stundum gangbraut og/eða ljós, stundum bara hraðahindrun.
2. Fleiri innipláss og frjáls leiksvæði: Opna innhússleikvelli fyrir börn og tryggja aðgang að frjálsum leiksvæðum.
3. Betra aðgengi að grænum svæðum og umferðaröryggi: Bæta aðgengi að grænum svæðum, viðhald leikvalla og bæta umferðaröryggi í kringum leikskóla.
4. Loka hluta af einhverjum grænum opnum svæðum, hafa aðgengi að salerni nálægt/inni á svæði
5. Bæta aðgengi að grænum svæðum: Auka viðhald og aðgengi að grænum svæðum og leikvöllum, og hvetja íbúa til að taka þátt í viðhaldi.
6. Fleiri leikvelli sem henta víðum aldurshópi (0-12 ára)
7. Fjölskyldumiðstöðvar
8. Nýta betur almenningsrými fyrir börn og barnafjölskyldur
9. Stuðla að minni bílanotkun/mengun. Gera fjölskyldum auðveldara fyrir að lifa bíllausum lífstíl.
10. Aðgengileg borg: Betra aðgengi fyrir barnavagna og hjólastóla. Skipuleggja og hanna ný hverfi og græn svæði út frá þörfum barna.
11. Betri borg fyrir börn: Breikka hugmyndafræðina á fleiri svið.





2. Fjölbreyttar fjölskyldugerðir og þjónusta við þær

1. Efla mjög íslenskukennslu fyrir innflytjendur: Sérstaklega fyrir börn og foreldra í leikskólum, og gera námskeið aðgengilegri.
2. Nýta leikskólakerfið til að stuðla að inngildingu fyrir erlenda foreldra og börn: Sérhæfð úrræði fyrir flóttafólk og innflytjendur.
3. Efla upplýsingagjöf til innflytjenda: Betri og aðgengilegri upplýsingar um réttindi og þjónustu í boði, með tilliti til tungumálþarfa.
4. Fjölbreyttar fjölskyldur: Auka þekkingu á aðstæðum barna sem búa á tveimur heimilum – hver eru réttindi þeirra?
5. Krúttkarfa: Taka inn krúttkörfuna frá Hafnarfirði
6. Auka virkniúrræði fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna á meðan foreldrar eru án atvinnu og börn ekki í dagvistun/skóla

3. Dagvistun - leikskólar og dagforeldrar

1. Fjölga leikskólaplássum: Byggja fleiri leikskóla á svæðum þar sem þörfin er mest.
2. Endurbætur á húsnæði leikskóla: Auka fjárveitingar til viðhalds og endurbóta á leikskólabyggingum. Nota viðeigandi efni til að koma í veg fyrir myglu.
3. Bæta vinnuaðstæður leikskólakennara: Til að hvetja fleiri til að velja starfsstéttina, halda í gott starfsfólk með góðum starfskjörum.
4. Systkinaforangur og hverfisforangur: Tryggja systkinaforangur og hverfisforangur við innritun í leikskóla til að draga úr álagi á fjölskyldur
5. Auka sveigjanleika innan leikskóla: Kanna hvort skipta megi upp leikskóladeginum, fyrir og eftir hádegi – þannig að fleiri börn komist að og fólk komist að hluta til fyrr út á vinnumarkað.
6. Meiri sveigjanleiki í leikskólakerfinu: Hálf dagspláss og sveigjanleiki í skólabyrjun til að mæta þörfum barna og foreldra.
7. Efla menntun og þjálfun starfsfólks í leikskólum: Sérstaklega í menningarlegum fjölbreytileika og umburðarlyndi.





8. Bæta gagnsæi og fyrirsjáanleika í innritunarkerfum: Skýrari upplýsingar og betra upplýsingaflæði til foreldra um innritun barna í leikskóla. Úthluta plássum fyrr og úthluta oftar yfir árið.
9. Fleiri ungbarnaleikskólar: Opna fleiri ungbarnaleikskóla og vinna að því að bæta gæði þeirra.
10. Auka viðbrögð við húsnæðisvandamálum: Nota einingahús til að leysa bráðahúsnæðisvanda og tryggja að börn séu ekki í mygluskemmdum húsnæði.
11. Styttling á biðlistum: Viðhalda og auka fjárveitingar til að stytta biðlista eftir leikskólaplássum og sérfræðipjónustu.
12. Auka stuðning og eftirlit með dagforeldrum: Tryggja öryggi og vellíðan barna.
13. Auka upplýsingar um dagforeldra: Betri upplýsingar til foreldra um dagforeldra og aðstæður þeirra.
14. Dagforeldrar: Kanna hvort gefa megi út bráðabirgðaleyfi fyrir dagforeldra, t.d. heldri borgara. Þörf á heildarendurskoðun dagforeldrakerfis.
15. Samræming í skólastarfi: Samræma starfsdaga milli skólastiga.
16. Stuðla að íslensku málumhverfi á máltökuskeiði
17. Auka sveigjanleika í starfstíma leikskóla: Til að mæta þörfum foreldra sem vinna óhefðbundnar vaktir.
18. Sjálfbóðaliðar í leikskólum: Leyfa foreldrum, ömmum og öfum að aðstoða í leikskólum til að létta álagi af starfsfólki.
19. Fjölga opnum leikskólum og auka opnunartíma þeirra
20. Leikskólaforangur fyrir börn einstakra foreldra
21. Aðlögunarprógramm (e. adaptation programs) fyrir innflytjendur og börn á leikskólum

4. Umönnunarbíl á milli fæðingarorlofs og dagvistunar

1. Lengja fæðingarorlof: Samtal við ríkið um lengingu fæðingarorlofs til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og dagvistunar.



2. Hafa biðlistagreiðslu sem valmöguleika: Hafa biðlistagreiðslur eða heimgreiðslu sem valmöguleika sem skiptist á milli foreldra.

5. Farsæld barna og aðgengi að velferðarþjónustu

1. Styttu biðtíma eftir sérfræðiþjónustu: Styttu biðlista eftir talmeinafræðingum og greiningum, og veita stuðning meðan beðið er.
2. Efla samstarf milli ríkis og sveitarfélaga: Til að samræma þjónustu og tryggja betra samspil í kerfinu.
3. Samræmd þjónusta og stuðningur: Nýta mæðravernd til öflugrar upplýsingagjafar, m.a. útskýra kerfið fyrir nýjum foreldrum.
4. Efla mjög íslenskukennslu fyrir innflytjendur: Sérstaklega fyrir börn og foreldra í leikskólum, og gera námskeið aðgengilegri.
5. Betri og aðgengilegri upplýsingagjöf um velferðarþjónustu: Samræmd upplýsingagjöf um alla möguleika á stuðningi og þjónustu.
6. Efla hverfismiðstöðvar enn frekar
7. Einfalda aðgengi að þjónustu
8. Tryggja NPA börn
9. Nýta leikskólakerfið til að stuðla að inngildingu fyrir erlenda foreldra og börn: Sérhæfð úrræði fyrir flóttafólk og innflytjendur.
10. Útbúa rafræna gátt þar sem foreldrar geta komið á framfæri ábendingum
11. Útfæra sjálfvirka upplýsingagjöf – rafrænar uppfærðar boðleiðir utan opnunartíma f. alla þjónustu fyrir börn. T.d. að hnippa rafrænt í foreldra t.d. Ætlar þú að hætta með barn þitt í leikskóla? Ætlar þú að nota frístundastyrkinn
12. Frístundastyrkur: Börn fái frístundastyrk frá 0 ára aldri.





Helstu niðurstöður úr umræðum

Spurning 1. Hvað er jákvætt við þjónustuna og kerfið okkar í dag sem þarf að vernda og ýta enn frekar undir?

Helstu sjónarmið sem fram komu á fundinum:

1. Barnvænt borgarumhverfi

- Ánægja með fjölda öruggra leiksvæða og viðhald á leiksvæðum.
- Mörg frábær græn svæði og stutt í græn svæði.
- Jákvæð þróun; betri borg fyrir börn, samstarf milli sviða batnar.
- Innviðir til staðar og góður vilji til að gera betur en skortir fjármagn.

2. Fjölbreyttar fjölskyldugerðir og þjónusta við þær

- Fræðsla t.d. um mismunandi fjölskyldugerðir.
- Regnbogavottun jákvæð – aukin þekking á kynsegin börnum.
- Fræðsla og stuðningur fyrir fjölbreyttar fjölskyldugerðir.
- Brúarsmiðir sem er verkefni sem má útvíkka - gott félagslegt net
- Öflugt kerfi sem bregst við og veitir stuðning til þeirra sem eru í neyð.

3. Dagvistun - leikskólar og dagforeldrar

- Leikskólareiknirinn mælist vel fyrir.
- Nýir leikskólar, betri námsaðstæður og starfsaðstæður.
- Bráðabirgðaleyfi fyrir dagforeldra, t.d. heldri borgara.
- Meiri stuðningur og aukið eftirlit með dagforeldrum.
- Börnum líður vel í leikskólum.





4. Umönnunarbíl á milli fæðingarorlofs og dagvistunar

- Gott kerfi sem þarf að verja (almennir leikskólar, fæðingarorlof).
- Ánægja með símaver og upplýsingagjöf á vefsíðu.
- Fæðingarorlof.

5. Farsæld barna og aðgengi að velferðarþjónustu

- Betra aðgengi að sérfræðingum en áður.
- Barnavernd virkar vel.
- Þjónustumiðstöð í hverfum hjálplegar.
- Spítali, tannlæknar og heilbrigðiskerfið í heild sinni gagnvart þjónustu við börn.
- Barnavernd og frístundarheimili.
- Farsældarþjónustan hefur aukið og einfaldað þjónustu til fjölskyldna.

Spurning 2. Hvernig er hægt að koma betur til móts við börn og barnafjölskyldur með nýjum leiðum eða breyttri nálgun í þjónustu?

Helstu sjónarmið sem fram komu á fundinum:

1. Barnvænt borgarumhverfi

- Barnvænt samfélag
- Draga úr umferð og bílanotkun. Til að minnka bílaumferð og mengun þá ætti að taka tillit til þess hversu mikið fólk þarf að aka. Gera fjölskyldum auðveldara fyrir að viðhafa bíllausan lífstíl
- Mörg hættuleg gatnamót þar sem kemur grænt gönguljós en beygjuljós er ennþá grænt (t.d. Listabraut við Kringluna). Skortur á umferðaröryggi, mætti gera meira sbr. Grandinn - Sæbraut



- Vantar skýrari götumerkingar, stundum gangbraut og/eða ljós, stundum bara hraðahindun
- Útbúa innanhússleikvelli fyrir börn (frír aðgangur)
- Fleiri rými fyrir börn innanhúss þar sem er hægt að halda úti virkni fyrir þau - Fjölskyldumiðstöðvarhugmyndin
- Mætti nota meira það sem er til staðar og gera meira og víðar - samfélagshúsin, bókasöfn o.s.frv. Meira fjármagn í að opna á þennan möguleika.
- Lokað svæði á leikvöllum fyrir yngri börn
- Leiksvæði sem henta börnum 0-12 ára á sama stað
- Leiksvæði sem henta yngstu börnunum virka daga f. fæðingarorlof
- Betra viðhald á leikvöllum. Hvetja/styðja íbúa í viðhaldi
- Frelsi fyrir börn - þrengja að einkabílnum, skipuleggja og kanna ný hverfi út frá þörfum barna og græn svæði og þjónustu
- Byggja hverfi með uppbyggingu innviða í huga
- Má auglýsa að nota megi leikskólalóðir
- Gott nærumhverfi fyrir alla því börnin verða fyrir er umhverfi er óöruggt
- Vantar bekkir og staði fyrir börn og foreldra til að stoppa
- Betra aðgengi fyrir barnavagna og hjólastóla
- Aðgengi að grænum svæðum.
- Loka hluta af einhverjum grænum opnum svæðum + salerni nálægt/inni á svæði
- Fleiri íþróttavellir (frír aðgangur)
- Frístundastyrkur frá 0 ára

2. Fjölbreyttar fjölskyldugerðir og þjónusta við þær

- Auka aðgengi að góðri og mikilli íslenskukennslu



- Erfitt að finna tíma fyrir íslenskunám, líka fyrir heimavinnandi án leikskólaláss. Það er að auki of dýrt , gefa afslátt. Hafa daggæslu með íslenskunámi
- Auka umburðarlyndi fyrir fólki sem hefur ekki íslensku að móðurmáli en leggur á sig að læra hana
- Grípa fyrr inn í frekar en seinna. Gætum staðið okkur betur í inngildingunni?
- Íslenskukennsla á leikskólum þarf að vera mikið meiri
- Gefa fólki séns sem talar ekki íslensku. Hvað erum við að gera með því að þýða allt efni? Hvernig lærir þú þá íslensku? Setja allt efni fram á auðveldri íslensku
- Nýta leikskólakerfið til að ná til fólks og stuðla að inngildingu fyrir erlenda foreldra og börn, setja upp sérstaka verkferla m.t.t. innflytjenda / flóttafólks.
- Fólk af erlendu bergi þarf að inngildast hraðar í samfélagið, þarf að vera meira og betra aðgengi að íslenskukennslu, samveru með íbúum, þjálfun og fræðslu. Skiptir svo miklu máli að komast hratt inn í samfélagið.
- Gera fólki af erlendum uppruna auðveldara að nýta menntun sína, t.d. kennaramenntun.
- Mikilvægt að hafa eitthvað fyrir stafni, nýta tímann sinn vel – vantar meira af virkniúrræðum. Það er líka mikilvægt fyrir börnin. Fjölskyldan er heild, líðan og virkni allra skiptir máli – hefur áhrif á alla fjölskylduna (samræmd móttaka flóttafólks)
- Aðgengilegri upplýsingar um þá þjónustu sem er í boði fyrir fólk af erlendum uppruna / innflytjendur
- Sumarnámskeið fyrir yngri börnin – vantar upplýsingar og leiðsögn. Vantar upplýsingar um þjónustu sem er í boði (Samræmd móttaka flóttafólks)
- Skortur á upplýsingum um velferðarmál, heilbrigðiskerfið, fundi o.s.frv. Mikilvægt að upplýsa fólk um möguleika, rétt þeirra og skyldur.
- Fyrir innflytjendur, gefa fólki upplýsingar um möguleika svo sem vefsíðu, skráningasíður, leikskóla, þjónustumiðstöð
- Forgangur í dagvistun fyrir börn einstaka foreldra





3. Dagvistun - leikskólar og dagforeldrar

- Passa íslensku á máltökuskeiði
- Það þarf að fjölga leikskólaplássum
- Það er verið að byggja mikið t.d. í Vesturbænum og það er ekki verið að byggja fleiri leikskóla
- Breyta innritunarkerfi t.d. áramót og gefa foreldrum kost á að segja hvert þau vilja ekki að barnið fari á (lausn til að minnka óvissu)
- Nota Vetrissperoxíð til að hreinsa leikskóla því það kemur í veg fyrir myglu
- Upplýsingagjöf í innritun
- Gagnsæi og fyrirsjáanleiki í innritunarkerfinu - úthluta fyrr
- Systkinaforangur → mikilvægt fyrir álag foreldra ungra barna
- Aukið samstarf ríkis – og sveitafélaga og horfa á skólakerfið heildstætt
- Reikna kostnað þess að fólk hætti að vinna og borgi skatta
- Aukin áhersla á endurbætur húsnæðis
- Frábært fólk að störfum – efla gott starfsfólk
- Fræðsla og endurmenntun til starfsfólks leikskóla um umburðarlyndi, fordóma og menningarnæmi
- Aðlögunarferli (Adaptation programs) fyrir innflytjendur og börn á leikskólum
- Extra time for kid in the kindergarten for the working parents
- Hafa heilnæma fæðu/ hollan mat á leikskólum
- Opening of new groups
- Open information for parents about start date in kindergarten to have opportunity to plan the life
- Skólinn sveigjanlegur t.d. varðandi skólabyrjun td. Börn sem þurfa aukna örvun – eru á undan. Af hverju að horfa til fæðingarárs barns
- Foreldrar þurfa stuðning við að ákveða hvort barn fer í almennan eða sérskóla



- Betri mönnun – aukið fjármagn
- Vantar fleiri leikskólabyggingar
- Reglugerðir um börn , byggingar, starfsfólk – reglugerðum ekki fylgt eftir þegar kemur að börnum
- Vantar viðmið um notkun samskipta/uppl í leikskóla
- Hærri laun, minnka álag, samræma milli skólastiga
- Leyfa sjálfboðaliðum að hjálpa / foreldrum/ömmum og öfum
- Samræming starfsdaga
- Systkina og hverfisforgangur
- Fjölga plássum strax – einingahús við mygluhús (?)
- Passa svefn – tveir lúrar þegar þarf
- Passa íslensku á máltökuskeiði
- Engar unnar kjötvörur í matinn
- Einingahús til að nýta leikskólalóðir
- Hraða viðhaldsframkvæmdum
- Setja nægt fjármagn í þetta, í forgang
- Auka jákvæða umræðu um þjónustuna
- Auka kostnaðarvitund foreldra um leikskólagjöld
- Láta koma fram hver raunkostnaður barns er í leikskóla í heildina (leikskólagjöld + niðurgreiðslur)
- Betri menntun fyrir stuðningsfulltrúa og sérkennslustjóra í alla leikskóla – öll börn fái sömu þjónustu
- Kerfið vantar allan sveigjanleika, sumarfrí í júlí o.s.frv.
- Vantar fyrirsjáanleika um dagvistun
- Menntun fyrir nýtt ófaglært starfsfólk
- Vantar hálfisdags leikskólapláss í boði, sérstaklega fyrsta árið á leikskólanum





- Forgangur fyrir einstaka foreldra
- Börnin þurfa að komast fyrir inn
- Stuðningur við ómenntað starfsfólk, þ.e. til að mennta sig
- Taka oftari inn yfir árið
- Fá skýr svör við umsóknum
- Ríkið komi meira að málefnum barna t.a.m. með rekstur leikskóla við stóra vinnustaði eins og spítalana
- Nota leikskólakerfið til þess að ná til fólks
- Búa til sérhæfð x til að taka á móti fólki af erlendum uppruna og sérstaklega flóttafólki
- Hlúa að starfsfólki
- Vantar fleira starfsfólk; hækka launin + lengri kaffipása
- Óvissa hvenær barnið mitt kemst inn (18mán); skýrt plan og betra upplýsingaflæði
- Brjóta upp leikskóladaginn t.d. frá 18 sé tryggt að börn fái 4 klst til þess að vera með öðrum börnum
- Finna lausnir / jákvæða hvata þannig að foreldrar sækja á réttum tíma
- Fleiri leikskólar
- Reyna að finna lausn með kvöldvaktir. Ef eitt foreldri vinnur dagvakt meðan annað foreldri sinni barni, þá væri fínt að það foreldri fái kvöldvakt
- Betri laun til leikskólakennara til að hvetja fólk í þessa starfsstétt
- Betri styrkir upp á það ef maður neyðist til að senda barn á einkarekinn leikskóla
- Nýta almenningsrými, þar til búið að er gera við þá leikskóla sem eru í framkvæmdum. Hægt skipta hópum upp, hluta úr viku inni á leikskóla, hluta úr viku í þannig rýmum
- Skipta upp leikskóladeginum, fyrir og eftir hádegi – þannig að fleiri börn komist að
- Fá sjónarhól dagforeldra



- Fá börnin inn 8-10 mánaða svo þau séu ekki mannafélur
- Dagforeldrar ekki fyrst kostur
- Auðvelda fólki sem á fleiri börn
- Erfitt að komast að hjá dagforeldrum
- Vantar sanngirni í því hver fær pláss og betra eftirlit

4. Umönnunarbíl á milli fæðingarorlofs og dagvistunar

- Mikilvægt að brúa bilið fyrir fólk sem fær enga vistun.
- Ekki rétt tímabil til útreikninga fyrir fæðingarorlof t.d. ef fólk tekur 2 mán ólaunað á meðgöngu
- Bið, óvissa veldur streitu
- Hvar liggur ábyrgð stjórnvalda, ríki eða sveitafélaga? Óskýrt og því tímafrekt að skapa lausnir!

5. Farsæld barna og aðgengi að velferðarþjónustu

- Biðlistar – greiningar, talmeinafræðingar, skrefið milli skólastiga, heilsugæslan
- Vantar fleiri talmeinafræðinga
- Auðvelda aðgengi að málörvun/greiningum og styðja meðan beðið er
- Styttu bið eftir talmeinafræðingum og styðja meðan beðið er – líka einhverfa. T.d. í samstarfi við heilsugæslu
- Skýra leiðir fyrir foreldra þegar vandamál koma upp
- Einfalda aðgengi að þjónustu
- Auka þekkingu á aðstæðum barna sem búa á tveimur heimilum – hver eru réttindi þeirra?
- Hverfamiðstöðvar þurfa að vera öflugar- eru það – eru mikilvægar
- Nýta mæðravernd til að útskýra kerfið og að það verði að sækja um dagforeldra snemma





- Tryggja NPA börn
- Taka inn krúttkörfuna frá Hafnarfirði
- Kerfið taki mið af öllum fjölskyldugerðum
- Sumarnámskeið fyrir yngri börnin – vantar upplýsingar og leiðsögn. Vantar upplýsingar um þjónustu sem er í boði (Samræmd móttaka flóttafólks)
- Upplýsingagjöf og framboð á námskeiðum: Sumarnámskeið fyrir yngri börnin – vantar upplýsingar og leiðsögn.
- Útbúa rafræna gátt þar sem foreldrar geta komið á framfæri ábendingum
- Skortur á upplýsingum um velferðarmál, heilbrigðiskerfið, fundi o.s.frv. Mikilvægt að upplýsa fólk um möguleika, rétt þeirra og skyldur (innflytjendur)
- Aðgengilegri upplýsingar um þá þjónustu sem er í boði fyrir fólk af erlendum uppruna / innflytjendur
- Sjálfvirk upplýsingagjöf – rafrænar uppfærðar boðleiðir utan opnunartíma f. alla þjónustu fyrir börn. T.d. að hnippa rafrænt í foreldra t.d. Ætlar þú að hætta með barn þitt í leikskóla? Ætlar þú að nota frístundarstyrkinn
- Óreiðukennt upplýsingaumhverfi.
- Fyrir innflytjendur, gefa fólk upplýsingar um möguleika svo sem vefsíðu, skráningasíður, leikskóla, þjónustumiðstöð
- Þegar þú fær post frá útlendingastofnun um samþykki þá ætti það að fylgja (líka ábending um D-vítamín)
- Þrjú ólík svör frá RVK við sömu spurningu – vantar upplýsingar um hver réttindi barna og foreldra eru á þjónustu.
- Koma á samráðshópi milli ríkis og borgar. Óljóst hlutverk ríkis og borgar
- Hagræðing í rekstri í þágu barna
- Láta fjármagn fylgja loforðum
- Láta fulltrúa lýðræðis vinna vinnuna sína
- Fá fram frekari hríslun til foreldra og starfsfólks þjónustukerfisins um eiginleika og kosti farsældarlaganna. Gætum haft borgaraping þjónustuþega
- Móta þarf framtíðarsýn til 10 ára þvert á ríki og borg/sveitafélög

